

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini

1. gr.

Við 4. mgr. A. liðar 8. gr. bætist við nýr annar málsliður sem orðast svo:

„Heimilt er þó að nota sjálfskipta bifreið við verklegt próf í C-1 og D1-flokki og skal það þá gefið til kynna með tákntölu í ökuskírteini.“

Innanríkisráðuneytinu,

Ólöf Nordal

Ragnhildur Hjaltadóttir